

og endurbyggingar í sveitum frá 1947, svo og þann hluta jarðarinnar Kópavogs, sem heilbrigðismálaráðuneytið hefur til umráða austan Hafnarfjarðarvegar.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en bæjarfógeti Kópavogskaupstaðar oddamann. Þó skal Kópavogskaupstað ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda bæjarfélagsins sjálfs í sambandi við skipulagsaðgerðir kaupstaðarins.

Andvirði landsins skal Kópavogskaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Kópavogskaupstað var gert að greiða fyrir landið.

2. gr.

Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar er heimilt að taka eignarnámi ábúðarréttindi í eignarlandi kaupstaðarins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 14. nóvember 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. málsgrein 4. greinar laganna orðist svo:

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal skipuð 7 mönnum til þriggja ára í senn, sem hér segir: Sameinað Alþingi kýs fimm menn hlutbundinni kosningu, en ráðherra skipar tvo menn, annan eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegs- manna og hinn eftir sameiginlegri tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands. Varamenn skulu kosnir og skipaðir á sama hátt. Eigi skal þó kveðja varamann til starfa, nema aðal- maður óski þess eða hafi fallið frá. Noti aðilar ekki rétt sinn til tilnefningar aðal- manns eða varamanns, skipar ráðherra þá án tilnefningar. Stjórnin kýs sér sjálf formann.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Núverandi stjórnarmenn halda umboði sínu til loka kjörtímabils síns. Þeir tveir stjórnarmenn, sem ráðherra skipar, skulu í fyrsta sinn skipaðir til sama tíma.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir frá og með 1. janúar 1967:

1. Til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur	72.82%
2. Til Fiskveiðasjóðs Íslands	17.06%
3. Til Fiskimálasjóðs	5.86%
4. Til rannsóknastofnana sjávarútvegsins	1.16%
5. Til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips	1.52%
6. Til Landssambands íslenskra útvegsmanna	0.79%
7. Til samtaka sjómanna samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur	0.79%

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Útflutningsgjald af loðnumjöli, loðnulýsi og grásleppuhrognum samkv. 2. gr. laganna skal ekki greitt af framleiðslu ársins 1967.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Gizur Bergsteinsson.
(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.